

10. fundur stjórnar landssambands DKG

Á Skype 25. ágúst 2020 kl. 19.30

Mættar: Ingibjörg, Jóna, Jónína, Theodóra, Aníta, Guðrún Edda, Eygló og Jenna

Dagskrá:

1. Fundargerðir síðustu tveggja funda

Aníta les fundargerðirnar. Samþykktar.

2. Ráðstefnan – staðan - dagskrá – skráningar

Ákveðið að aflýsa ráðstefnunni. Rætt hvort ekki megi taka upp fyrirlestra Elfu Ýrar og Sigríðar Hagalín í myndveru sem myndi útbúa þá vel til þess nota þá á fundum deilda í vetur.

Ingibjörg biður Guðrúnu Eddu að fá tilboð í upptöku á 1 klst. fyrirlestrum – 30 mínútur á hvorn fyrirlesara.

Tilkynning verður sett á vefinn okkar um að ráðstefnunni verði aflýst.

Ráðstefnugjald verður endurgreitt til þeirra sem nú þegar eru skráðar og hafa greitt gjaldið.

3. Dagskrá framkvæmdaráðsfundar

Ingibjörg leggur til að framkvæmdaráðsfundi verði frestað og hann verði haldinn á laugardegi á veitingastaðnum Nauthól 3. október. Staðan verður tekin aftur þegar nær dregur og ef lítið hefur breyst v. Covid verði haldinn fjarfundur.

Dagskrá fundar uppfærð með tilliti til þess að fundinn sitji bara formenn deilda.

4. Minnislisti vegna ráðstefnu og framkvæmdaráðsfundar – verkaskipting

Þessum dagskrárlið frestað.

5. Innheimta félagsgjalda, hvernig er staðan?

Jenna fer yfir stöðu innheimtu félagsgjalda. Umræður um fyrirkomulag innheimtu hjá deildum. Mikilvægt að innheimtan sé skilvirk og einföld og skili sér á réttum tíma.

6. Tillaga að landssambandsþingi 2021. Dagsetning og staður.

Ingibjörg ræddi við formann þetadeildar sem tók vel í tillögu um að landssambandsþing verði haldið í Reykjanesbæ 2021 þann 8. maí.

7. Önnur mál

Ingibjörg ræðir hvort við þiggjum það að fá fulltrúa frá Alþjóðasamtökunum á landssambandsþing 2021. Málið verður tekið fyrir á næsta fundi.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 14. september kl. 19:30 á Skype.

Fundargerð ritaði Aníta Jónsdóttir